



Evrópa á ferðinni

Talað fyrir Evrópu

Tungumál Evrópusambandsins



Evrópusambandið



Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins
Stjórnarsvið samskipta, útgáfumál
B-1049 Brussel

Forsíða: © Shutterstock
Lúxemborg: Office for Official Publications of the European Communities, 2008
© European Communities, 2008

Hvorki framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, né nokkur einstaklingur fyrir hönd hennar, ber ábyrgð á notkun meðfylgjandi upplýsinga.

Þetta skjal er endurskoðuð og uppfærð útgáfa *Speaking for Europe: Languages of the European Union* (ISBN 978-92-79-09159-9). Stjórnarsvið stækkunarmála lauk uppfærslunni í júní 2010.

Á netinu má nálgast töluvert efni um Evrópusambandið, fyrir utan það sem hér er birt.

Hægt er að nálgast þær upplýsingar á Europa netþjóninum (<http://europa.eu>).

Prentun: Litróf



Evrópa á ferðinni

Talað fyrir Evrópu

Tungumál Evrópusambandsins

„Getan til samskipta á nokkrum tungumálum nýtist einstaklingum, jafnt sem samtökum og fyrirtækjum, afar vel. Hún styður við sköpun, brýtur menningarlegar staðalímyndir, hvetur fólk til að hugsa „út fyrir kassann“ og styður við nýsköpun í vörubröun og þjónustu.“

Leonard Orban,
fyrirverandi framkvæmdastjóri fjölyngi hjá ESB.



Evrópa á ferðinni

Efnisyfirlit

Mikilvægi tungumála	03
Tungumál Evrópu	05
Svæðisbundin tungumál og tungumál minnihlutahópa	07
Tungumál og hreyfanleiki	09
Að hvetja til tungumálanáms	10
Tæki fjöltynginnar	12
Að reka fjöltyngt Evrópusamband	13
Framtíðaráskoranir	15
Ítarefni	15



Mikilvægi tungumála



Tungumálið er eitt af því sem aðgreinir okkur en hinar 500 milljónir íbúa Evrópusambandsins tala fjölmörg tungumál. Þó að ESB vinni að aukinni samþættingu aðildarríkja sinna ber það sérstaka virðingu fyrir tungumálum og styður frelsi fólks til að tala og rita á sinni eigin tungu. Þessi markmið eru samrýmanleg og í þeim kristallast kjörorð ESB „Sameinuð í fjölbreytileika“.

Raunar gengur ESB skrefinu lengra og hvetur íbúa sína til að læra ný tungumál. Að kunna annað tungumál, eða jafnvel nokkur, gerir fólki kleift að flytja og starfa í öðrum löndum. Þessi hreyfanleiki á vinnumarkaðnum hjálpar til við að skapa ný störf og örva vöxt. Það að kunna önnur tungumál eflir einnig tengsl milli menningarsvæða,

gagnkvæman skilning og bein samskipti milli einstaklinga í ört stækkandi og sífellt fjölbreytilegra Evrópusambandi.

Engin mismunun


Opinber tungumál innan Evrópusambandsins eru 23 talsins. Þegar nýtt ríki gengur í ESB verður móðurmál þess ríkis, að öðru óbreyttu, opinbert mál innan sambandsins en ákvörðun þess efnis er tekin af ráðherraráðinu. Þetta tryggir að íbúar Evrópusambandsins geta notað sama tungumál í samskiptum sínum við ESB og stofnanir þess og þeir nota í samskiptum sínum við stjórnvöld í eigin landi.

Á sama hátt er ný löggjöf sem tekin er upp af ESB þýdd á öll opinberu tungumálin svo hver sá sem áhuga hefur geti kynnt sér lögin og séð hvaða áhrif þau hafa. Allar þýðingar ESB löggjafar hafa sama lagagildi.

Á þennan hátt tryggir ESB að ekki sé um að ræða neina mismunun milli þeirra íbúa sem tala útbreidd tungumál og hinna sem tala sjaldgæfari tungumál. Sem dæmi má nefna að á Evrópuþinginu er þingmönnum frjálst að ávarpa þingið á sínu eigin móðurmáli. Slóvenskir þingmenn hafa þannig sama rétt og þýskir þingmenn að tala tungumál fólksins sem kaus þá.



Opinber tungumál ESB Frá 1957 til 2007



(*) Íríska: Sáttmálatungumál (e. Treaty Language) frá 1973. Baskneska, katalónska og galisíska: Sérstök staða frá 2006.

(**) Þessi fjögur tungumál voru notuð af Kola- og stálbandalagi Evrópu sem stofnað var árið 1950 og var fyrsta skrefið í átt að því sem nú er ESB. Árið 1958 var kveðið á um opinber tungumál í reglugerð ráðsins nr. 1, sem hefur verið breytt í hvert sinn sem ný ríki bættast við ESB.

Tungumál ESB urðu að „opinberu tungumáli“ Evrópusambandsins á þessum árum.



Stór skuldbinding

Þýðingar og túlkun fela í sér stórar skuldbindingar af hálfu ESB. Innganga 12 nýrra aðildarríkja á árunum 2004 til 2007 rúmlega tvöfaldaði fjölda opinberra tungumála, úr 11 í 23, og undirstrikaði mikilvægi tungumála innan ESB sem aldrei fyrr. Í kjölfarið gerði Evrópusambandið fjöltyngi að sérstökum málaflokki árið 2007. Markmið hans er að efla tungumálanám

innan sambandsins til að tryggja að íbúarnir hafi aðgang að ESB á sínu eigin móðurmáli og nýta að fullu kosti fjöltyngi í efnahagslegri, samfélagslegri, menningarlegri og pólitískri þróun Evrópusambandsins.

Skuldbindingar ESB til að viðhalda fjölbreytileika tungumála sýna að það hefur ekki í hyggju að útrýma séreinkennum þjóða eða landsvæða í þágu „evrópskrar“ einsleitni eins og sumir gagnrýnendur hafa haldið fram.

Þingmenn Evrópuþingsins geta tekið þátt í umræðum á sínu móðurmáli, þökk sé túlkunum.



Þekktu rætur móðurmálsins

Tungumál ESB koma úr ýmsum áttum. Flest tilheyra þau hinum stóra hópi indó-evrópskra mála, en megingreinar hans eru germönsk, rómönsk, slavnesk og keltnesk mál.

Gríska og baltnesku málin, litháíska og lettneska, eru einnig indó-evrópsk þó þau tilheyri ekki megingreinunum. Ungverska, finnska og eistneska tilheyra finnsk-úgrískum málum. Maltneska er skyld arabísku en með ítölsku ívaði. Flest svæðisbundin tungumál og minnihlutatungumál innan ESB tilheyra einnig einhverjum ofangreindra hópa. Helsta undantekningin er baskneska sem töluð er beggja vegna landamæra Spánar og Frakklands, en enn er verið að rannsaka hvar rætur þess tungumáls liggja.

Hugtakið minnihlutatungumál nær ekki aðeins til sjaldgæfra tungumála á borð við samísku í Lapplandi eða bretónsku í vesturhluta Frakklands, heldur einnig til þess þegar opinbert tungumál ESB er talað af minnihluta í öðru aðildarríki (eins og þýska á N-Ítalíu eða ungerska í Rúmeníu og Slóvakíu). Innganga baltnesku ríkjanna með rússneskumælandi minnihluta hefur bætt við nýjum flokki minnihlutatungumála – þjóðtungur landa utan ESB.

Hin 23 opinberu tungumál Evrópusambandsins eru búlgarska, danska, enska, eistneska, finnska, franska, gríska, hollenska, íriska, ítalska, lettneska, litháíska, maltneska, pólska, portúgalska, rúmenska, slóvakíska, slóvenska, spænska, sænska, tékkneska, ungerska og þýska. Katalónska, baskneska og galíska eru opinber tungumál á Spáni, sem þýðir að tiltekin skjöl ESB eru þýdd á þessi tungumál á kostnað spænska ríkisins.

ESB hefur færri opinber tungumál en sem nemur fjölda aðildarríkja. Það er vegna þess að Þýskaland og Austurríki nota sama tungumálið, gríska er töluð bæði í Grikklandi og á Kýpur og Belgía og Lúxemborg deila tungumálum með nágrönnum sínum í Frakklandi, Þýskalandi og Hollandi. Því eru tungumálin 23 talsins en aðildarríkin 27.





Þjóðtungur Evrópu

Þýska er útbreiddasta móðurmálið innan Evrópusambandsins en 90 milljónir eða 18% íbúa ESB eiga hana að móðurmáli. Enska, ítalska og franska eru móðurmál milli 60 og 65 milljóna íbúa hvert (12-13% af íbúatölu sambandsins).

Hinsvegar er enska annað tungumál um 38% íbúa ESB og er því útbreiddasta tungumál Evrópusambandsins. Um 14% íbúa tala annað hvort frönsku eða þýsku sem annað mál.

Innganga 12 nýrra aðildarríkja frá árinu 2004 hefur eftt ensku í sessi sem hið leiðandi samskiptamál Evrópusambandsins. Hún hefur einnig styrkt þýsku í sessi sem hefur nú svipað vægi og franska. Ástæða þess er að þýska er

algengari sem annað mál en franska í löndum Mið- og Austur-Evrópu. Af sögulegum og pólitískum ástæðum er rússneska annað eða þriðja mál í þessum ríkjum. Reyndar sýnir nýjasta könnunin sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins birti árið 2006 að fimm tungumál eru ráðandi sem annað mál meðal íbúa ESB (sjá töflu).

Það kemur ekki á óvart að mesta tungumálakunnáttan er meðal tilföllum lítilla þjóða eða þeirra sem tala frekar sjaldgæf tungumál. Yfir 90% íbúa í átta ESB ríkjum – Lettlandi, Litháen, Lúxemborg, Möltu, Hollandi, Slóvakíu, Slóveníu og Svíþjóð – segjast tala annað mál fyrir utan móðurmál sitt. Á móti kemur að aðeins 34% Íra og 38% Breta telja sig kunna annað tungumál

nægilega vel til að geta haldið uppi samræðum.

„Móðurmál og tvö til viðbótar“

Þó flestir Evrópubúar sem læra annað mál velji ensku og þýska og franska komi þar á eftir, kann stundum að vera heppilegra að læra önnur mál. Þetta á einkum við þegar íbúar ESB flytja frá einu landi til annars í atvinnuleit. Þá kann að vera betri kostur að læra tungumál nágrannaríkis. Því hvetur Evrópusambandið íbúa sína til að læra tvö erlend mál, sé þess nokkur kostur.


Samkvæmt könnun á viðhorfum almennings í Evrópu frá 2006 sögðust 28% aðspurðra tala tvö tungumál til viðbótar móðurmáli



Algengustu erlendu tungumálin í ESB

Spurning: „Hvaða tungumál, önnur en móðurmál þitt, kanntu nægilega vel til að geta haldið uppi samræðum?“

Svör (í %):



Heimild: Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Sérstök könnun á viðhorfum almennings í Evrópu 243, 2006.



sínu. Þó sýndi könnunin einnig að í sjö ESB-ríkjum (Ungverjalandi, Írlandi, Ítalíu, Portúgal, Rúmeníu, Spáni og Bretlandi) töluðu helmingur til tveir þriðju hlutar íbúanna ekkert erlent mál.


Í könnuninni kom eftirfarandi einnig fram:

- Alls telja 84% aðspurðra að allir íbúar ESB ættu að tala eitt tungumál til viðbótar við móðurmál sitt. Um 63% Evrópubúa styðja hugmyndir um móðurmál og tvö til viðbótar.
- Enska er álitin mikilvægasta erlenda tungumálið af 68% þátttakenda, en þar á eftir komu franska (25%) og þýska (22%).

- Meirihluti Evrópubúa telur að börn ættu að hefja nám erlendra mála í grunnskóla á aldrinum 6 til 12 ára.

- Megintilgangur þess að læra erlent tungumál er að nota það í orlofsferðum eða í tengslum við vinnu. Af þeim sem þátt tóku í könnuninni vildu 35% nota mála-kunnáttu sína í orlofsferðum til útlanda. Alls 32% læra erlent mál til að nota þau við vinnu en 27% til að geta starfað erlendis.

- Um 63% Evrópubúa telja að svæðisbundin tungumál og minnihlutatungumál ættu að njóta meiri stuðnings.



©Helen King/Van Parys Media

Margir nota tungumála-kunnáttu sína í orlofsferðum til útlanda.



Svæðisbundin tungumál og minnihlutatungumál



Þessi samíska kona í Lapplandi talar minnihlutatungumál.

Virðing fyrir fjölbreytileika menningar og tungumála er aðalsmerki Evrópusambandsins. Það er greytt í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi sem samþykktur var af leiðtogum ESB árið 2000. Svæðisbundin tungumál og minnihlutatungumál eru vernduð enn frekar með sáttmála innan ramma Evrópuráðsins.

Sáttmálarnir ná ekki aðeins til hinna 23 opinberu tungumála ESB, heldur einnig svæðisbundin tungumála og minnihlutatungumála innan þess. Þau eru yfir 60 talsins þó heildarfjöldi þeirra velti á

því hvernig hugtakið tungumál er skilgreint (samanborið við mállýsku t.d.). Þessi tungumál eru töluð af allt að 50 milljónum manna um allt Evrópusambandið.

Þrjár skilgreiningar

Til eru þrjár almennt viðurkenndir flokkar minnihluta- eða svæðisbundinna tungumála:

- tungumál sem einskorðast við ákveðin svæði innan aðildarríkja eða á landamærum þeirra og eru ekki ráðandi tungumál innan neins aðildarríkis ESB. Á meðal slíkra mála eru baskneska, bretónska, katalónska, frísneska, sardiníska og velska;

- tungumál sem talað er af minnihluta þjóðar innan eins ESB ríkis en er opinbert tungumál annars ríkis: til dæmis þýska í suðurhluta Danmerkur, franska í Ágústudal á Norður-Ítalíu og ungverska í Slóvakíu;

- ósvæðisbundin tungumál á borð við tungumál Róma-fólks og gyðinga í ESB (rómaní og jiddíska).

Hugtökin svæðisbundin eða minnihlutatungumál fela ekki í sér mállýskur hinna opinberu tungumála ESB eða tungumál sem töluð eru í innflytjendasamfélögum sambandsins.

Aðflutt tungumál

Fjöldi tungumála frá öðrum heims- hlutum er talaður í samfélögum innflytjenda víða um ESB. Áberandi meðal þeirra er tyrkneska sem

töluð er af stórum hópum innflytjenda í Þýskalandi, Belgíu og Hollandi. Önnur eru maghreb arabíska (einkum í Frakklandi, Belgíu og á Spáni) auk úrdú, bengölsku og hindí sem töluð eru á Bretlandi af innflytjendum frá Indlandsskaganum.

Þessi aðfluttu tungumál fá almennt ekki formlega stöðu eða viðurkenningu innan landa ESB. Þó fá samfélög innflytjenda innan ESB styrki til að auðvelda þeim að aðlagast nýjum heimkynnum með félagslegum og svæðisbundnum þróunaráætlanum. Í sumum löndum fá innflytjendur einnig stuðning til að auka hæfni sína í tungumálum sinna gömlu heimkynna og börn þeirra læra þau tungumál í skóla. Þannig getur fólk haldið tengslum við menningarlegar rætur sínar um leið og það aðlagast tungu og menningu hins nýja heimalands. Slík tvítyngi getur einnig verið dýrmætur hæfileiki og opnað leiðir inn á ný starfssvið.



Tungumál aðlögunar

Margar sveitar- og ríkisstjórnir bjóða innflytjendum upp á tungumálanám, fræðslu um samfélag og menningu viðkomandi svæða og aðstoð við atvinnuleit. Fræðslan og aðstoðin eru oft veitt á móðurmáli innflytjandans.

Dæmi um slíkt er frá flæmsku borginni Ghent í Belgíu, þar sem innflytjendum og flóttamönnum er boðið upp á kynningarnámskeið sem felur í sér 1.200 kennslustundir í hollensku (þjóðtungu flæmska hlutans) auk 75 kennslustunda í samfélagsfræðslu. Sú fræðsla er í boði á albönsku, arabísku, ensku, frönsku, persnesku, rússnesku, spænsku, sómölsku og tyrknesku.

Finnska menntakerfið styður innflytjendur í að viðhalda og auka kunnáttu í móðurmáli sínu svo tryggja megi það sem kallað er hagnýtt tvítýngi. Boðið hefur verið upp á kennslu í 52 tungumálum. Þau móðurmál innflytjenda sem mest hafa verið kennd eru rússneska, sómalska og albanska.



Tungumálakennsla fyrir innflytjendur í Vín.



Tungumál og hreyfanleiki

Skynsamlegt er að ráða starfsfólk með góða kunnáttu í tungumáli erlendra markaða.



© Shutterstock

Íbúar ESB hafa rétt á að búa og starfa í öðrum aðildarríkjum en þeirra eigin.

ESB gerir fólki kleift að flytja þangað sem störf eru í boði. Kunnátta í öðrum tungumálum er lykillinn að raunverulegum hreyfanleika innan ESB og gerir fólki kleift að nýta til fulls möguleika á starfi, námi og ferðalögum um alla álfuna.

Að læra tungumál innfæddra er ekki aðeins lykillinn að því að fá vinnu í nýju landi heldur hjálpar það einnig til við að mynda tengsl við landsmenn. Það veitir oft nýja

sýn á hvað það er að vera Evrópubúi og það samfélag sem við erum að byggja í sameiningu. Saga og menning okkar kann að vera ólík, en þrjár okkar og vonir um framtíðina eru nátengdar. Að geta talað hvert við annað hjálpar okkur að skilja hvað við eigum sameiginlegt um leið og það eykur gagnkvæma virðingu fyrir fjölbreytileika menningar okkar.

Tungumál auka viðskipti

Rannsókn sem gerð var fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandið sýnir að fyrirtæki innan ESB geta orðið af viðskiptatækifærum vegna skorts á tungumálakunnáttu. Þetta á einkum við um lítill og meðalstór fyrirtæki sem ekki ná að nýta sér að fullu möguleika á útflutningi til annarra ríkja ESB. Samkvæmt þessari rannsókn hafa allt að 11% lítilla og meðalstórra fyrirtækja – nærri 1 milljón fyrirtækja – misst af samningum við mögulega viðskiptavini vegna tungumálaörðugleika. Rannsóknin undirstrikar einnig sívaxandi mikilvægi fjöltyngi við að afla viðskipta á alþjóðlegum mörkuðum. Þar er enska

lykiltungumál en mikilvægi kínversku, arabísku og rússnesku fer einnig vaxandi.

Til að auka útflutning er lagt til að fyrirtæki:

- marki stefnu í átt að fjöltyngdum samskiptum;
- sendi fólk til starfa sem hafi tungumál viðkomandi markaðs-svæða sem móðurmál;
- ráði fólk með tungumálakunnáttu og efla þá kunnáttu frekar;
- ráði þýðendur og túlka.


Fjöltyngi er í sjálfu sér vaxandi markaður og skapar störf fyrir tungumálakennara, þýðendur og túlka og aðstoðarfólk þeirra, sem og fyrir þá sem hanna stoðkerfi fyrir rafeinda- og upplýsingatæknibúnað og fyrir forritara og sérfræðinga sem þróa tölvustýrð eða sjálfvirk þýðingarkerfi.



Gættu tungu þinnar

Þann 26. september ár hvert er evrópski tungumáladagurinn haldinn hátíðlegur. Hugmyndin á bak við þennan viðburð er að efla vitund almennings um þann fjölda tungumála sem talaður er innan Evrópusambandsins og mikilvægi tungumálanáms til að auka umburðarlyndi og gagnkvæman skilning. Evrópski tungumáladagurinn leggur áherslu á að fjölbreytni tungumála er styrkur Evrópu og hvetur til símenntunar í tungumálum innan skóla sem utan. Eitt þeirra veggspjalda sem gerð hafa verið í tilefni dagsins sýnir hefðbundna kveðju á 37 tungumálum.





Efling tungumálanáms

ESB er staðráðið í að styðja rétt íbúa sinna til hreyfanleika í starfi og leik og möguleika þeirra til að hafa samskipti sín á milli. Það er gert með því að fjármagna margvíslegar áætlanir sem efla kennslu og nám í evrópskum málum. Þessar áætlanir eiga það allar sameiginlegt að hvetja til samstarfs milli landa með þátttakendum frá að minnsta kosti tveimur, og oft þremur eða fleiri, ESB ríkjum.

Áætlunum ESB er ætlað að styðja við menntastefnu aðildarríkjanna. Hver og ein ríkisstjórn ber ábyrgð á eigin menntastefnu, þar á meðal tungumálakennslu. Áætlanir ESB mynda tengsl milli ríkja og svæða í gegnum samstarfsverkefni sem auka áhrif tungumálakennslu og tungumálanáms.

Námsstyrkir ESB

Frá árinu 2007 hafa allar samstarfsáætlanir á sviði menntunar og þjálfunar verið settar undir hatt Menntaáætlunar Evrópusambandsins. Efling tungumálanáms og fjölbreytni tungumála er því eitt markmiða áætlunarinnar og hinna fjögurra undiráætlana hennar.

Hver þeirra ber nafn þekkt evrópsks einstaklings á sviði menntunar og tekur til eins sviðs í námi og kennslu.

Sú fyrsta, Comenius (nefnd eftir Jan Amos Comenius, eða Komensky, 17. aldar kennslufræðingi frá því landi sem nú er Tékkland), tekur til kennslu á grunn- og framhaldsskólastigi. Erasmus (nefnd eftir 16. aldar húanistanum Desiderius Erasmus frá Rotterdam), er sérstök áætlun sem miðar að því að gera

nemendum og kennurum á háskólastigi kleift að dvelja við háskóla í öðrum ESB ríkjum. Erasmus býður þátttakendum upp á hnitmiðuð tungumálanámskeið áður en námsdvöl hefst. Leonardo da Vinci áætlunin (nefnd eftir ítalska endurreisnarmanninum sem starfaði á fjölmörgum sviðum lista og raunvísinda) styður við starfsnám og –þjálfun. Fjórða áætlunin kallast Grundtvig (eftir N. F. S. Grundtvig sem var danskur frumkvöðull í fullorðinsfræðslu á 19. öld) og er ætluð fyrir fullorðna.

Markmið verkefnanna eru að:

- hvetja fólk til að læra tungumál á öllum námsstigum, á öllum aldri og alla sína starfsævi;
- bæta aðgengi að tungumálanámi um alla Evrópu;
- þróa og miðla nýsköpun í kennsluháttum og góðum starfsvenjum;
- tryggja fjölbreytt framboð námsefnis fyrir nemendur í tungumálum;
- auka vitund um mikilvægi fjöltyngi sem efnahags- og samfélagslegslegra lykilverðmæta ESB.



Það er aldrei of snemma hafist handa við tungumálanám.

Öll tungumál geta notið stuðnings innan þessara áætlana: Opinber, staðbundin, minnihluta- og ósvæðisbundin tungumál sem og tungumál stærstu viðskiptalanda ESB.

Upplýsingamiðstöðvar eru til staðar í hverju landi ESB þar sem hægt er að fá upplýsingar um hvernig sækja má um þátttöku og styrki í þessum áætlunum (sjá ec.europa.eu/ploteus).

Brýr milli menningarheima

Menningaráætlanir Evrópusambandsins efla einnig fjölbreytni í tungumálum og menningu á ýmsan hátt. MEDIA áætlunin styrkir talsetningu og textun evrópskra kvikmynda sem sýndar eru í kvikmyndahúsum og sjónvarpi í öðrum ESB ríkjum. Culture áætlunin byggir brýr milli menningarheima með því að styrkja þýðingar á verkum nútímahöfundar á önnur ESB tungumál.



© Council of the European Union

Leonardo í friðargæslu

Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun fór inn á óvænt svið þegar hún styrkti fjölþjóðlega þjálfunaráætlun til að bæta tungumálþekkingu friðargæsluliða ESB sem sendir eru til átakasvæða víða um heim í hernaðar-, lögreglu- eða mannúðaraðgerðir. Ellefu lönd ESB taka þátt í áætluninni sem kallast Linguaeurope. Þau eru Búlgaría, Eistland, Frakkland, Þýskaland,

Ungverjaland, Lettland, Litháen, Pólland, Rúmenía, Spánn og Bretland.

Til að fjölþjóðlegar sendisveitir ESB nái árangri þurfa fulltrúar þeirra að geta talað saman, oft hratt og af mikilli nákvæmni. Linguaeurope hefur próað, prófað og miðlað tungumálþjálfun og kennsluefni, bæði á millistigi og fyrir lengra komna. Tungumálafærni hefur miðað svo vel áfram að áætlunin nýtur nú viðurkenningar bæði alþjóðlegra og landsbundinna matsaðila.

Friðargæsluliðar ESB í Afríku þurfa sameiginlegt tungumál til að leysa úr skipulagsvandamálum.





Orðabækur og málfræðireglur: Gruntæki tungumálanáms.



Tæki fjöltynginnar

Fjölbreytni í tungumálum er hluti hins daglega lífs innan Evrópusambandsins. Með 500 milljónir íbúa sem hafa ólíkt þjóðerni, menningu og tungumál sem bakgrunn er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að þjálfra með þeim færni til að skilja og hafa samskipti sín á milli. Á sama tíma má gera meira til að þróa fjöltyngi sem tæki til að auka samkeppnishæfni evrópskra fyrirtækja og vinna þeim nýja útflutningsmarkaði innan Evrópu sem utan.

Verkefni á borð við Menntaáætlun ESB eru því mikilvæg viðbót við það sem einstakar ríkisstjórnir geta boðið einstaklingum og fyrirtækjum í sínu landi. Stuðningur ESB við fjöltyngi hefur verið eflur í núgildandi áætlun fyrir árin 2007-13. Hún skilgreinir tungumálanám og fjölbreytni tungumála sem almenn markmið og fjármagn til tungumálaverkefna hefur verið aukið.

Annað er betra

Markmið ESB um fjöltyngi fyrir almenna borgara er mjög metnaðarfullt. Þó gott sé að læra eitt tungumál til viðbótar við móðurmálið er enn betra að bæta því þriðja við. Á milli könnunarinnar á viðhorfum almennings í Evrópu sem gerð var fyrir framkvæmdastjórnina árið 2006 og þeirrar sem gerð var fimm árum fyrr, jókst fjöldi aðspurðra úr 26 í 28% sem sögðust kunna tvö tungumál til viðbótar við móðurmál sitt.

ESB gerir sér grein fyrir því að tungumálakunnáttu er misskipt milli landa og þjóðfélags hópa. Ekki er nóg að treysta á eitt samskiptamál sem allir skilji, þ.e. ensku. Markmiðið um „móðurmál og tvö til viðbótar“ er metnaðarfullt en alls ekki óraunhæft. Tungumálanám er símenntun sem hefst í grunnskóla (eða jafnvel leikskóla) og heldur svo áfram upp allt menntakerfið og í gegnum lífið.

Nám fyrir lífið innan skóla sem utan

Þó byrja ætti kennslu sem fyrst er það ekki raunhæft nema til staðar séu kennarar með þjálfun í tungumálakennslu fyrir ung börn. Að auki ættu bekkir að vera tiltölulega fámennir og nægur tími þarf að vera fyrir tungumálanám í stundatöflunni.

Skólar verða að bregðast við kröfum um aukna tungumálþekkingu með því að bjóða upp á eins mörg tungumál og mögulegt er. Þeir ættu einnig að ráða og þjálfra fleiri kennara – og á þessu sviði

gætu landamærasvæði hæglega unnið saman.

Fullorðnir ættu einnig að hafa fleiri tækifæri til að auka við og nýta tungumálakunnáttu sína. Gæta skal þess að styðja öll tungumál, líka svæðisbundin og minnihlutatungumál, auka fjölbreytni tungumálanáms, nýta netið meira og efla textun kvikmynda og sjónvarps-efnis.

Kostnaður við að efla notkun annars og þriðja máls meðal íbúa ESB er hóflegur miðað við þau tækifæri á sviði starfs og leiks sem færna annars forgörðum vegna ófullnægjandi tungumálakunnáttu.

Skýrar upplýsingar um hæfileika þína

Tvö mikilvæg hagnýt tæki til eflingar tungumálakunnáttu eru Europass tungumálavegabréfið og Europass ferilskráin. Bæði eru þau ætluð til að sýna fram á formlega eða óformlega kunnáttu á staðlaðan hátt – eftir tungumáli eingöngu eða með fullbúinni ferilskrá. Hægt er að fylla þessi eyðublöð út á netinu eða sækja og fylla út á pappír.

(europass.cedefop.europa.eu).


Þessi staðlaða aðferð við að lýsa þekkingu hefur dregið úr því flækjustigi sem ólík námsstig og mismunandi hugtök höfðu áður leitt af sér.

Að reka fjöiltyngt Evrópusamband



Lyðræði, gegnsæi og rétturinn til upplýsinga eru ástæður þess að Evrópusambandið notast við 23 opinber tungumál.

Löggjöf Evrópusambandsins nær til allra íbúa þess og fyrirtækja. Birta verður nýja löggjöf og gera hana aðgengilega íbúunum á tungumáli sem þeir skilja. Eins og við á um öll lýðræðisríki hefur hver íbúi rétt á að vita hvers vegna tiltekin atriði eru leidd í lög og hvort og þá hvernig þau hafa áhrif á hans daglega líf. Notkun allra opinberu tungumálanna gerir fólki einnig auðveldara að taka þátt í opinni umræðu og álitsgjöf sem ESB efnir til, oft á netinu.



Grundvallarreglan er sú að allir íbúar og kjörnir fulltrúar þeirra hafi sama rétt til aðgengis að ESB og hafi kost á að eiga samskipti við stofnanir þess og stjórnvöld á sinu eigin móðurmáli.

Kjörnir fulltrúar á Evrópuþinginu hafa jafnan rétt til að tala máli kjósenda sinna á sinni eigin tungu. Það sama á við um ráðherra einstakra ríkja á formlegum fundum

Önnur kafnir í bakgrunni:
Túlkur á formlegum fundi ESB.



ESB eða almenna borgara sem kvarta til umboðsmanns Evrópu.

Borgararnir taka þátt

Löggjafarvaldið og bein þátttaka borgaranna skýrir hvers vegna ESB notar fleiri tungumál en fjölþjóðlegar stofnanir á borð við Sameinuðu þjóðirnar eða Atlantshafsbandalagið (NATO), sem starfa aðeins á milliríkjavettvangi og hafa ekki löggjafarvald. Þannig nota Sameinuðu þjóðirnar, með meira en 190 aðildarríki, aðeins sex tungumál. Í Evrópuráðinu eru fleiri meðlimir en í ESB, en það birtir opinber skjöl sín aðeins á ensku og frönsku, líkt og Atlantshafsbandalagið.

Stofnanir ESB hafa í gegnum árin fínstíllt verkferla sína til að takast á við vaxandi fjölda opinberra tungumála. Þær hafa einnig lagt sig fram um að sjá almennings og ríkisstjórnnum fyrir góðum þýðingum og túlkun á skilvirkum og hagkvæman hátt. Þessi þjónusta er fyrirmynd um allan heim sakir gæða.

Að nýta hæfileika

Að reka fjöiltyngt Evrópusamband kostar sitt. En gjaldið er hóflegt þegar afraksturinn er skoðaður. Árlegur kostnaður við þýðingar og túlkun er um 1% af fjárlögum ESB, eða rétt rúmlega 2 evrur á hvern íbúa. Heildarkostnaður hefur hækkað tiltölulega lítið þrátt fyrir inngöngu 12 nýrra þjóða frá árinu 2004.


Þýðendur vinna með ritað mál og túlkur með talað orð. Hvorir tveggja

verða þó að geta þýtt yfir á aðalmál sitt (oftast móðurmálið) úr a.m.k. tveimur öðrum ESB tungumálum.

Til að auka skilvirkni og hraða og draga úr kostnaði notar framkvæmdastjórn ESB þrjú megin tungumál, ensku, frönsku og þýsku. Gerð eru uppköst að flestum skjölum á einu þessara tungumála og þeim dreift innanhúss milli viðeigandi deilda þar til lokauppkast er tilbúið til birtingar eða það er sent til annarrar stofnunar á borð við Evrópuþingið eða ráðherraráðið. Þá er það þýtt yfir á hin 22 tungumálin.

Evrópuþingið, sem oft þarf að útbúa skjöl á öllum opinberu tungumálunum á skömmum tíma, hefur komið sér upp kerfi sem byggir á megingtungumálunum þremur; ensku, frönsku og þýsku. Skjal sem lagt er fram, t.d. á slóvakísku eða sænsku, er ekki þýtt beint yfir á hin tungumálin 22. Þess í stað er það fyrst þýtt á megingtungumálin þrjú, sem gerir þýðendum kleift að velja eitt þeirra til að þýða yfir á aðalmál sitt.

Þetta dregur úr þörf fyrir þýðendur sem geta þýtt beint t.d. úr maltnesku á dönsku eða úr eistnesku á portúgölsku.



Hið talaða orð

Túlkar ESB nota svipað kerfi þegar þeir túlka úr og yfir á öll 23 opinberu tungumálin. Til dæmis eru orð finnskumælandi manns túlkuð yfir á takmarkaðan fjölda „tengimála“. Slóvakískur túlkur notar síðan eitt þeirra mála til að túlka úr svo ekki er þörf á fólki sem getur túlkað beint úr finnsku yfir á slóvakísku.

Það er skynsamlegt bæði frá hagnýtum og fjárhagslegum sjónarhóli að stytta sér leið á þennan hátt – svo framarlega sem gæðin eru tryggð. Gæðaeftirlit bæði túlkunar og skriflegra þýðinga er því mikilvægt.

Túlkar bjóða einnig upp á einfaldaða þjónustu fyrir óformlega fundi og vinnufundi. Í sumum tilfellum eru bara algengustu tungumál ESB notuð. Í öðrum er hugsanlegt að þátttakendur tali fjölda tungumála, en þau eru aðeins túlkuð yfir á tvö til þrjú algengustu málin. Hugmyndin er að þeir sem taka til máls geti tjáð

sig á eigin tungumáli, eða því tungumáli sem þeim hentar, en gengið er út frá því að þeir hafi næga kunnáttu í einhverju megin-tungumála ESB til að fylgjast með umræðunum á því máli.

Dag hvern þarf túlkaþjónusta framkvæmdastjórnarinnar og ráðherraráðsins að sinna um 60 mismunandi fundum í Brussel eða öðrum starfsstöðvum ESB. Þar á meðal eru formlegir fundir þar sem allar umræður eru túlkaðar yfir á öll opinberu tungumálin 23. Á hverjum slíkum fundi þarf að vera til staðar teymi 69 túlka.

Ný tækni

Stofnanir ESB þurfa í miklum mæli að treysta á nýja tækni sér til aðstoðar, vegna einstakrar stærðar og eðlis tungumálaþjónustu þeirra. Fjartúlkun, umsjón fjöltyngdra vefsvæða og vélþýðingar eru augljósustu dæmin.

Með því að nota þann hugbúnað sem fyrir er og þróa eigin lausnir er tungumálaþjónusta Evrópu í fararbroddi í þróun og nýtingu slíkra lausna í heiminum. Afrakstur þessarar vinnu er gerður aðgengilegur almenningi og er notaður af vísindamönnum og einkafyrirtækjum.



Ekkert týnist í þýðingu:
Borgarar ESB lesa um Evrópu
á sínu móðurmáli.



Framtíðaráskoranir

ESB ber skylda til að virða fjölbreytni tungumála og menningar íbúa sinna. Þær skyldur uppfyllir sambandið á ýmsan hátt:

- það virðir rétt þeirra til að tala og skrifa á sínu eigin tungumáli, einnig í samskiptum við stofnanir ESB;

- það styður notkun svæðisbundinna tungumála og minnihlutatungumála, burtséð frá því hvort þau tungumál eru opinber mál ESB eða ekki;

- það tekur virkan þátt í að hvetja til tungumálanáms og fjöltyngi bæði til hagsbóta fyrir einstaklingana sjálfa en einnig til að skapa störf og örva vöxt innan Evrópusambandsins.

ESB hefur eftt þetta starf með auknum fjölda aðildarríkja og vegna þess að fjöldi opinberra tungumála hefur tvöfaldast frá árinu 2004. Sambandið mun halda því áfram með frekari stækkun þess.

Pó ESB horfist í augu við þá staðreynd að enska er orðin útbreidd-

asta tungumálið í Evrópu vill sambandið tryggja að hún dragi ekki úr fjölbreytni tungumála innan þess til lengri tíma. Því leggur sambandið áherslu á persónulegan, samfélagslegan og efnahagslegan ávinning fjöltyngi og hefur sett sér það háleita markmið að fá eins marga íbúa ESB og mögulegt er til að læra tvö tungumál auk móðurmálsins.

Áskorun ESB er að nýta sem best þær bjargir sem það hefur yfir að ráða og að setja upp þau stoðkerfi og áætlanir sem þarf til að ná markmiðum sambandsins um fjöltyngi á sem stystum tíma.



Veldu málið þitt:
Vefgátt ESB.



ÍTAREFNI

Upplýsingar um notkun tungumála innan Evrópusambandsins má finna á tungumálagátt ESB:

europa.eu/languages/en/home

Stjórnarsvið þýðinga hjá framkvæmdastjórninni hefur gefið út sína eigin upplýsingabæklinga sem nálgast má hér:

ec.europa.eu/dgs/translation/index_en.htm

Upplýsingar um túlkun og túlka innan ESB má finna hér:

ec.europa.eu/dgs/scic/index.htm

Upplýsingar um menntastefnu Evrópusambandsins og undiráætlanir hennar má finna hér:

ec.europa.eu/ploteus

Að ná sambandi við ESB

Á NETINU



Hægt er að finna upplýsingar um Evrópusambandið á öllum opinberum tungumálum þess á vefsíðunni **europa.eu**

Í EIGIN PERSÓNU



Víða um Evrópu er að finna fjölda upplýsingamiðstöðva um ESB. Þú getur fundið heimilisfang þeirrar miðstöðvar sem er þér næst á **europedirect.europa.eu**

MEÐ SÍMA EÐA Í TÖLVUPÓSTI



Europe Direct er þjónusta sem svarar spurningum varðandi Evrópusambandið. Hægt er að hringja gjaldfrjálst innan ESB í númerið 00 800 67891011 og utan ESB: **(+32-2) 2999696**. Hægt er að senda tölvupóst í gegnum síðuna **europedirect.europa.eu**

LESTU UM EVRÓPU



Hægt er að nálgast margvíslegt efni um ESB á vefsíðu Bókabúðar ESB á **bookshop.europa.eu**

ÞÚ GETUR EINNIG NÁLGAST UPPLÝSINGAR OG BÆKLINGA Á ÍSLENSKU UM ESB Á EFTIRFARANDI STÖÐUM:

SENDINEFND ESB Á ÍSLANDI

Aðalstræti 6
101 Reykjavík
Sími 520 3399
Fax 520 3398
Vefsíða: esb.is
Netfang: Delegation-Iceland@eeas.europa.eu

EVROPUSTOFA – UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ ESB

Suðurgata 10
101 Reykjavík
Sími 527 5700
Fax 527 5706
Vefsíða: evropustofa.is
Netfang: evropustofa@evropustofa.is

Framkvæmdastjórn ESB og Evrópuþingið halda úti skrifstofum í öllum löndum sambandsins. Framkvæmdastjórnin er einnig með sendinefndir í öðrum löndum.



Evrópa á ferðinni

Talað fyrir Evrópu

Tungumál Evrópusambandsins

Evrópusambandið hvetur til fjölbreytileika menningar og tungumála með því að styðja við kennslu þeirra tungumála sem finnast innan sambandsins. Metnaðarfullt markmið ESB er að gera borgurum sínum kleift að vera altalandi á tvö tungumál auk móðurmáls síns.

Stofnanir Evrópusambandsins vinna með 23 opinber tungumál. Þetta er til að tryggja að allir íbúar sambandsins hafi jafnan aðgang að upplýsingum um Evrópusambandið, óháð því hvert móðurmál þeirra er. Þessi bæklingur fjallar um hin fjölmörgu tungumál sem töluð eru innan ESB og hvernig Evrópubúar geta notið góðs af því að læra tungumál. Þá eru stuðningsáætlanir ESB kynntar og hvað þurfi til að reka fjöltýngt samband.

